

Flóahreppur
Pingborg,
803 Selfossi (dreifbýli)

Garðabær, 12. ágúst 2025
202507-0068/A.B.
08.02

Efni: Umsögn - Tillaga - Deiliskipulag - Eystri-Loftsstaðir - Íbúðarhús og útihús Flóahreppur.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 11. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um deiliskipulag fyrir Eystri-Loftsstaði í Flóahrepp.

Í deiliskipulaginu felst að 6.395 m² byggingarreitur er skilgreindur. Þar er heimilt að reisa íbúðarhús og tvö aukahús s.s. gróðurhús og hesthús/geymslu/skemmu. Einnig er heimilt að reisa 3 lítil útleiguhús sem eru 35-40 m² hvert, fyrir allt að 10 gesti. Byggingarmagn á lóðinni má vera allt að 800 m². Aðkoma er frá Villingaholtsvegi nr. 305 og verður lagður vegur að lóðinni á milli lóðanna Fornabæjar og Eystri-Loftsstaða 8.

Náttúruverndarstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur